

# Fundur Skólaráðs Grunnskólans á Eskifirði

**10. október 2018**

**kl. 16:30 í fundaherbergi skólans**

Fundin sátu: Ragnar Jónsson, Petrína Kristín Sigurðardóttir, Kristín

Auðbjörnsdóttir, Bergmann Þór Kristjánsson, Páll Birgir Jónsson, Eva Dröfn

Sævarsdóttir, Birgir Jónsson og Henný Gígja Guðbjörnsdóttir.

1. Birgir skólastjóri fór í það að finna varamenn sem hægt væri að kalla í ef einhver myndi forfallast. Búið að skipa varamenn úr hópi kennara, starfsfólks og foreldra.
2. Starfið framundan: Skólaráð ætlar að hittast einu sinni í mánuði og verður það annar miðvikudagur í hverjum mánuði. Fund með nemendafélaginu ætlum við að hafa í janúar. Opinn fundur verður í mars.

Nýr formaður bauð sig fram og tekur Kristín Auðbjörns við starfinu. Eva Dröfn heldur áfram sem ritari.

3. Rætt var um breytingar sem hafa verið gerðar á skólasvæðinu. Leiksvæði skólans var tekið í gegn í sumar sem er jákvætt, við söknum hinsvegar bekkjana sem áttu að koma í miðjuna á leiksvæðinu. Einnig var rætt um að flott væri að fá nýjar körfur, mögulega hægt að fá körfur sem eru þrjár saman og allar í mismunandi hæð. Birgir ætlar að athuga með þessi mál.

Það sprakk rör í sumar í heimilisfræðistofunni og þar sem ekkert niðurfall var þar inni lak allt niður á bókasafn. Það var lagað í sumar bæði stofan og bókasafnið ásamt því að það var sett niðurfall. Allt sem hefur verið í bið innanhúss er lokið. Það á að fara í fleiri framkvæmdir innanhúss. Loftræstingin í íþróttahúsinu er til fyrirmyndar. Það þyrfti að laga brotna glugga í íþróttahúsinu.

4. Breyting varð á hjá unglिंगastiginu hvenær þau mæta í skólann, ákveðið var að þau byrja sinn skóladag kl. 09:00 og er þetta prufa í eitt ár. Upplýsingartækni var fest í öllum bekkjum 2 tíma á viku. List og verkgreinar einnig festar í stundatöflu hjá eldri bekkjum. Það er verið að reyna að bæta verknám í skólanum fyrir t.d. þá sem þurfa

annað en bóknám. Símaláust verður í skólanum eftir áramót og ætti þá að vera búið að kaupa fleiri spjaldtölvur og búnað sem þarf.

5. Starfsmannamál: Friðrik er í ársleyfi. Sonja Einarsdóttir kom ný inn og kennir myndmennt. Aníta Ösp Ómarsdóttir kom einnig ný inn og er umsjónarkennari 9 bekkjar. Þroskaþjálfari kom til starfa og er það hún Jóhanna Rut Stefánsdóttir. Tveir nýir starfsmenn voru ráðnir inn í Dvölinna þær Marta og Karen og eru því orðnir fimm starfsmenn í Dvöl. Aðalbjörg Guðbrandsdóttir kom inn að kenna val í eldri bekkjum.
6. Rætt var um starfsáætlun og skólanámskrá sem Birgir sendir okkur til að fara yfir. Talið kom að heildarpakka með viðmiðum og áætlun fyrir hvern bekk sem væri hægt að afhenda foreldrum í foreldrarviðtölum.

Fundi slitið kl. 17:30.

Eva Dröfn Sævarsdóttir ritaði fundargerð